Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26100077

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um endurráðningar eftir uppsagnir

Á fundi borgarráðs þann 22. október 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Hversu mörgum einstaklingum sem var sagt upp í aðgerðum í júní og ágúst hefur verið boðið aftur starf? Hversu margar ráðningar eru tímabundnar og hversu margar eru ótímabundnar? Til hversu langs tíma gilda tímabundnu ráðningarnar? Er um breytingar á launum og starfslýsingu að ræða við þessar endurráðningar? Og ef svo er, hvaða breytingar eru það? Er um lægri laun og lakari kjör að ræða? Stendur til að ráða fleiri til baka sem hafði áður verið sagt upp? Hefur rökstuðningi vegna uppsagna verið skilað?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Í kjölfar skipulagsbreytinga og uppsagna á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu samskipta og viðburða og mannréttindaskrifstofu sem samþykktar voru í borgarráði 25. júní sl. hefur enginn starfsmaður verið endurráðinn í sitt fyrra starf en fjórir fengu boð um tímabundin ný störf, einn til tveggja mánaða og þrír til sex mánaða. Ekki urðu breytingar á launakjörum. Einn stjórnandi fékk samhliða uppsögn boð um ótímabundið nýtt starf verkefnastjóra og í því tilviki varð breyting á launakjörum til lækkunar.

Í kjölfarið á samþykkt borgarráðs þann 25. ágúst sl. um skipulagsbreytingar og hagræðingu á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði var alls 86 manns sagt upp störfum og 32 fengu boð um nýtt starf samhliða uppsögn sem 29 þáðu. Einum starfsmanni var boðið starf á velferðarsviði sem ekki hafði verið ráðgert og á skóla- og frístundarsviði var tveimur starfsmönnum boðið starf sem ekki hafði verið ráðgert.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 13. nóvember sl. að framlengja samning um samræmda móttöku flóttafólks til eins árs. Samræmd móttaka var ekki hluti af

hagræðingaraðgerðunum enda fellur kostnaður vegna stöðugilda að baki þjónustunni ekki á borgina heldur ríkið og starfsfólk sem sinnir verkefninu ráðið tímabundið á grundvelli samningsins. En vegna óvissu um framlengingu samningsins af hálfu ríkisins reyndist Reykjavíkurborg nauðsynlegt að segja upp starfsfólki sem starfaði á grundvelli samningsins. En þar sem samningurinn hefur verið framlengdur til ársloka 2027 verður unnt að endurráða hluta þeirra starfsmanna sem sagt var upp störfum. Kostnaður vegna þessa fellur á ríkissjóð.

Rétt er að upplýsa að í kjölfarið á hagræðingargerðum sem borgarstjórn samþykkti þann 27. október sl. var enginn starfsmaður ráðinn aftur í sitt fyrra starf eða boðið starf sem ekki hafði verið ráðgert.

Ofangreindar upplýsingar eru veittar með þeim fyrirvara að á grundvelli meðalhófs er stöðug vinna í gangi við athugun á hvort bjóði megi þeim sem hafa fengið uppsögn vegna skipulagsbreytinga og/eða hagræðingar önnur störf hjá Reykjavíkurborg og því kunna þessar tölur að taka breytingum frá degi til dags.

Öllum beiðnum stéttarfélaga um rökstuðning vegna uppsagna í júní hefur verið svarað, allflestum beiðnum vegna uppsagna í ágúst hefur verið svarað. Þá er rétt að upplýsa að svör við almennum rökstuðningsbeiðnum sem hafa borist frá stéttarfélögum vegna uppsagna í október hefur verið svarað en svör við ítarlegum rökstuðningsbeiðnum eru í vinnslu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík